

## ERINDISBRÉF

### nemaleyfisnefnda.

#### 1. gr.

Nemaleyfisnefndir eru skipaðar til fjögurra ára af menntamálaráðherra og starfa í umboði hans. Nemaleyfisnefndir eru skipaðar að ósk starfsgreinaráðs sem gerir tillögu um fjölda nefndarmanna og tilnefnir jafnframt fulltrúa í hverja nefnd fyrir sig. Nemaleyfisnefndum ber að starfa í samræmi við lög, reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem gilda um náms- samninga og starfsþjálfun á hverjum tíma.

#### 2. gr.

Nemaleyfisnefnd fjallar um umsóknir einstakra fyrirtækja eða meistara um heimild til að taka nema í starfsþjálfun eða á námssamning í löggiltri iðngrein og afgreiðir þær. Menntamálaráðuneytið gefur út nemaleyfi á grundvelli afgreiðslu nemaleyfisnefndar. Nemaleyfisnefnd gengur úr skugga um að iðnfyrirtæki eða meistari er óskar eftir að taka nema á námssamning uppfylli skilyrði 11. gr. reglugerðar nr. 280/1997 um námssamninga og starfsþjálfun. Menntamálaráðuneytið, að fengnum tillögum starfsgreinaráðs, setur nánari reglur um hvaða aðstaða, búnaður og verkfæri þurfi að vera til staðar á vinnustað til þess að hann uppfylli framangreind skilyrði.

#### 3. gr.

Menntamálaráðherra getur falið nemaleyfisnefnd önnur störf er lúta að starfsnámi á vinnustað, svo sem sérstökum úttektum á starfsþjálfun í einstökum fyrirtækjum ef grunur leikur á að henni sé ekki sinnt sem skyldi eða brotið sé í veigamiklum atriðum gegn lögum um framhaldsskóla og reglugerðum settum á grundvelli þeirra.

#### 4. gr.

Erindisbréf þetta, sem sett er á grundvelli 9. gr. reglugerðar nr. 280/1997 um náms- samninga og starfsþjálfun og með skírskotun til 29. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla, öðlast þegar gildi og gildir þar til annað verður ákveðið af menntamálaráðherra.

*Menntamálaráðuneytinu, 27. desember 2002.*

**Tómas Ingi Olrich.**

*Guðmundur Arnason.*